

Sjúkt fólk í leit að lækningu

"EN í hringiðu hlutaveltunnar, þar sem fjöldinn skemmtir sér, leynast ætíð nokkrir sem troðast undir. Frétt um ekkju austur á landi sem hreppir lottóvinning gleður hjartað.

"EN í hringiðu hlutaveltunnar, þar sem fjöldinn skemmtir sér, leynast ætíð nokkrir sem troðast undir. Frétt um ekkju austur á landi sem hreppir lottóvinning gleður hjartað. Á sömu gleðistund grúfir skuggi yfir öðru heimili þar sem fyrirvinnan hefur eytt öllum laununum sínum í spilakassa og þorir ekki heim."

Ofangreind tilvitnun er úr inngangi bæklingis Péturs Tyrfingssonar, Spilafíkn - viðráðanlegur sjúkdómur, sem SÁÁ gaf út á árinu 1995. Þessi orð falla í framhaldi af frásögn af því hvernig mörg þjóðþrifaverk eru fjármögnuð með löglegu fjárhættuspili. Síðan segir Pétur meðal annars:

"Í starfi á meðferðarstofnunum SÁÁ hef ég kynnst því hvernig áfengis- og vímuefnasýkin getur truflað svo hugsun, tilfinningar og hegðun manneskjunnar að hún gerir sér ekki ljóst að hún er að eyðileggja heilsu sína, fjölskyldu og starfsframa. Þetta er ekki ill skiljanlegt þegar litið er til þeirra eitruverkana og langtímaáhrifa sem áfengi og vímuefni hafa á líkama og sál. Þegar ég kynntist spilafíklum fyrst átti ég erfitt með að trúá því hve alvarleg veikindi þeirra geta í rauninni orðið. Hugsun, líðan og hegðun þessa fólks var ekkert síður úr lagi gengin en alkóhólistanna. Félagsleg og tilfinningaleg vandræði þess voru stundum verri en margra áfengissjúklinga sem ekki veitti af meðferð. Sjálfsblekking spilafíklanna var oft svo makalaus að í mínum huga líktust þeir helst afar veikum áfengissjúklingum sem geta einfaldlega ekki hugsað skýrt og skipulega vegna truflana í miðtaugakerfinu. Þetta er veruleikinn: Spilasjúklingar eru til og þeir eiga við alvarleg veikindi að stríða.

Í áfengis- og vímuefnameðferðinni höfum við séð kraftaverkin gerast. Menn og konur standa upp úr brunarústum lífs síns, taka til hendinni, græða sárin og búa sér og sínum ánægjulegt líf. Þegar hægt er að hjálpa alkóhólistum, hljótum við að geta hjálpað spilasjúklingum. Því spilafíklar - rétt eins og áfengissjúklingar - eru ekki vont fólk sem vill bæta ráð sitt, heldur sjúkt fólk í leit að lækningu."